



Aðildarfélag ÍBR
Sérráð ÍBR
Framkvæmdastjórn ÍBR
Framkvæmdastjórn Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands
Framkvæmdastjóri ÍTR
Fulltrúi Mennta- og menningarmálaráðuneytis

Reykjavík 20. janúar 2015

Efni: Þing ÍBR 19. – 20. mars 2013

Boðað er til þings Íþróttabandalags Reykjavíkur dagana 19. - 20. mars í Laugardalshöll.

Þingfundur hefst fimmtudaginn 19. mars kl. 17:00. Nefndir munu starfa að loknum fyrri hluta þings, á fimmtudagskvöldinu, í fundarsölum ÍSÍ í Íþróttamiðstöðinni. Gert er ráð fyrir að þingfulltrúar geti tekið þátt í nefndarfundum fyrsta klukkutímamann en síðan starfi nefndir fyrir luktum dyrum og ljúki sinni vinnu eigi síðar en kl. 22:30. Þeir sem hafa áhuga á að starfa í nefndum mega gjarnan koma boðum um það til skrifstofu ÍBR. Þingfundi verður fram haldið föstudaginn 20. mars kl. 17:00. Að loknu þingi verður boðið upp á veitingar.

Þau mál, sem aðilar óska að verði á dagskrá, skulu berast ÍBR í síðasta lagi 4 vikum fyrir þingsetningu eða fyrir **19. febrúar**.

Tala þingfulltrúa miðast við tölu félagsmanna síðastliðins starfsárs, þannig að félag með:

1	-	200	félagsmenn	hljóti	1	atkvæði	og	1	fulltrúa
201	-	400	"	"	2	atkvæði	og	1	fulltrúa
401	-	600	"	"	3	atkvæði	og	2	fulltrúa
601	-	800	"	"	4	atkvæði	og	2	fulltrúa
801	-	1000	"	"	5	atkvæði	og	3	fulltrúa
1001	-	1200	"	"	6	atkvæði	og	3	fulltrúa
1201	-	1400	"	"	7	atkvæði	og	4	fulltrúa
1401	-	1600	"	"	8	atkvæði	og	4	fulltrúa
1601	-	og yfir	"	"	9	atkvæði	og	5	fulltrúa

Hvert sérráð á einn fulltrúa á þinginu. Að auki hafa eftirtaldir aðilar rétt til þingsetu með málfrelsi og tillögurétt: Framkvæmdastjórn ÍBR, framkvæmdastjórn ÍSÍ, fulltrúi ráðuneytis íþróttamála og fulltrúi Reykjavíkurborgar.



Aðildarfélögum er bent á að samkvæmt 10. grein laga ÍBR missir hvert það aðildarfélag, sem ekki hefur haldið aðalfund og sent skýrslur og ársreikninga í samræmi við 7. gr., atkvæðisrétt sinn á næsta þingi ÍBR.

Því miður er nokkuð um að félög hafi ekki skilað ársreikningi á síðasta ári og eru því samkvæmt meðfylgjandi lista ekki með fulltrúa á þinginu. eru þessi félög hér með hvött til að gera hreint fyrir sínum dyrum hið fyrsta. Litið er svo á að fram til þess tíma er skila á kjörbréfi sé hægt að skila ársreikningi og þar með fá fulltrúa á þingið.

Meðfylgjandi er listi yfir fjölda fulltrúa á þinginu auk kjörbréfs. Stjórn félagsins/sérráðsins skal útfylla meðfylgjandi kjörbréf fyrir fulltrúa sína og skila til ÍBR tveimur vikum fyrir þing þ.e. í síðasta lagi fimmtudaginn **5. mars**.

Með kveðju,
f.h. ÍBR

Frímann Ari Ferdinandsson